

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hellu

Hvanneyri, 13. nóvember 2025
202510-0023/S.Þ.
08.02

Efni: Umsögn - Deiliskipulag - Tillaga - Hekluskarð, áður Litli Klofi 6 - 1384/2025 Rangárþing ytra.

Vísað er til erindis Rangárþings ytra er barst 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi, Hekluskarð, áður Litli Klofi 6. Verið er að breyta afmörkun deiliskipulagssvæðisins þar sem aðkoma að Hekluskarði 1 (L205145) er ekki lengur um afleggjara út frá Þjóðveg nr. 26 (landvegur að Leirubakka) heldur hefur aðkoman verið færð á nýjan afleggjara út frá vegi að Stóru-Völlum. Afmörkunin breytist einnig að norð-vestan verðu svo hún nái yfir lóð B4 L209909, sem skipta á upp í 4 skika, Hekluskarð 2, 3, 4 og 5. Einnig er verið að uppfæra deiliskipulagið til samræmis við gildandi aðalskipulag Rangárþings Ytra 2016-2028 en þar var skilgreiningu á hluta lóða í frístundabyggð F37 breytt í landbúnaðarland með þeim heimildum til uppbyggingar sem um þau svæði gilda. Breytingin var gerð 2022 þar sem landeigendur hyggjast hafa fasta búsetu á svæðinu

Hraun

Skipulagssvæðið er á svæði þar sem nútímahraun er og því vekur Náttúruverndarstofnun athygli á að nútímahraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í skipulagstillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast risk þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Mikilvægt fuglasvæði

Náttúruverndarstofnun bendir á að skipulagssvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis á Suðurlandi skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar¹ og bendir Náttúruverndarstofnun á að þar geta verið búsvæði fugla sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands.²

Náttúruverndarstofnun telur brýnt að fjallað sé um mikilvægi fuglalífs í greinargerð með umræddri skipulagstillögu og fram komi hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæða og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Einnig er mikilvægt að tilgreint verði í greinargerð að fyrirhuguðum eða mögulegum framkvæmdum, ef af þeim verður, verði haldið í lágmarki á varptíma fugla. Í því samhengi bendir stofnunin á samantekt Tómasar Grétars Gunnarssonar, forstöðumanns Rannsóknarseturs HÍ á Suðurlandi, um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.³

Vistgerðir

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar⁴ eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar starungsmýravist, starungsflóavist og víðikjarrvist sem allar hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Á skipulagssvæðinu er einnig að finna aðrar vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og þarfnast verndar samkvæmt lista Bernarsamningsins. Fuglategundir sem eru skilgreindar ábyrgðartegundir Íslands nýta sér þessar tilteknu vistgerðir til varps. Þessar tegundir eru t.d. Sandlóa, Heiðlóa, Spói, Jaðrakan, Lóupræll og Stelkur.

Náttúruverndarstofnun telur brýnt að fjallað verði um vistgerðir innan skipulagssvæðisins, sérstaklega þær er skráðar eru á lista Bernarsamningsins og hafa mjög hátt eða hátt verndargildi. Tilgreint verði hvort og hvernig forðast megi röskun þeirra og hvernig lágmarka megi áhrif mögulegra framkvæmda á fuglategundir sem nýta sér þessar vistgerðir til varps.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson
verkefnastjóri
Axel Benediktsson
teymisstjóri

¹ <https://www.natt.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/sudurlandsundirlendi>

² <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

³ <https://www.thoka-blad.is/post/a%C3%B0-taka-tillit-til-m%C3%B3fugla-%C3%A1-varpt%C3%ADma>

⁴ <https://www.vefsja.is/?z=15.69&lat=63.99591559&lng=-20.09597095>

